

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta (257. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp, sem felur í sér upptöku kolefnisgjalds á fljóttandi jarðefnaeldsneyti og skatts á sölu raforku og heits vatns.

Viðskiptaráð Íslands leggst gegn þeirri skattlagningu sem frumvarp þetta ber með sér líkt og annarri skattlagningu sem stjórnvöld hafa kynnt til sögunnar undanfarna daga. Ráðið er meðvitað um þann vanda sem blasir við í rekstri ríkissjóðs, en skattabreytingar frumvarpa ríkisstjórnarinnar eru að mati ráðsins ekki heppilegar til að taka á þeim vanda. Auk þess virðast umrædd frumvörp að mestu samin án samráðs við hagsmunaaðila og þá er ljóst að knappur fyrirvari til vandaðrar afgreiðslu þeirra á Alþingi og innleiðingar hjá skattyfirvöldum og íslenskum fyrirtækjum er óásættanlegur.

Til viðbótar við hækkun tryggingagjalds, tekjuskatta fyrirtækja og virðisaukskatts ætla stjórnvöld, skv. frumvarpinu, að leggja sértæka skatta á orkunotkun og kolefnislosun. Þessari skattlagningu er því beint að ákveðnum greinum atvinnulífsins, sem virðast ekki hafa haft neina aðkomu að undirbúningsvinnunni. Orkuskattar lenda aðallega á stóriðju og iðnaði en þeir sem bera mestar byrðar vegna kolefnisgjalds eru samgöngufyrirtæki og sjávarútvegur. Eitt af því sem talið er einkenna hagkvæmt skattkerfi er að skattlagning hafi ekki áhrif á samkeppnisumhverfi. Þá er bæði átt við innbyrðis samkeppnistöðu innlendra atvinnugreina sem og stöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Orku- og kolefnisskattar leggjast með ólíkum hætti á atvinnugreinar í landinu, draga úr gegnsæi verðlagningar á raforku og heitu vatni, auk þess sem þær draga úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Það er því ljóst að þessi skattlagning gengur gegn fyrrnefndum markmiðum.

Þá er ljóst að þessir skattar munu leggjast á öll fyrirtæki og heimili í landinu í formi herra orkuverðs, til viðbótar við boðaða stórauðningu á neyslusköttum og vörugjöldum. Í þessum aðgerðum sem og öðrum sambærilegum taka stjórnvöld ekki tillit til þess að veruleg aðlögun hefur þegar átt sér stað hjá heimilum og fyrirtækjum landsins og eru þau vart í stakk búin að taka á sig frekari byrðar.

Hvað einstakar athugasemdir Viðskiptaráðs við frumvarp þetta varðar þá vísast til breytingatillagna í umsögn Samorku við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs